

Umsögn vegna frumvarps til stjórnskipunarlaga

19. mál á 141. löggjafarþingi.

Hugsunin með frumvarpinu er góð og setur stjórnarskrárbreytingar í mun æskilegri farveg en nú tíðkast, enda er í raun hæpið að halda því fram að atkvæði greitt stjórnsmálaflokkki í þingkosningum sé fyrst og fremst afstaða til stjórnskipunarlaga þeirra sem samþykkt voru fyrir þingrof. Þannig getur kjósandi verið sammála stefnu eins flokks þegar kemur að stjórnarskrárbreytingu án þess að geðjast svo mjög að öðrum stefnumálum flokksins að vilja þann sama flokk við stjórnvölinu næstu fjögur árin. Er réttilega bent á þetta í skýringum með frumvarpinu.

Veikleikar frumvarpsins eru hins vegar fólgnir í því að nú verður mun erfiðara að breyta stjórnarskránni en nú er vegna hinna mjög svo ströngu skilyrða um þingmeirihluta og þátttöku í þjóðar-atkvæðis-greiðslunni til þess að stjórnarskrárbreytingarnar nái fram.

A) Lítill hópur þingmanna getur haldið stjórnarskrá í gíslingu

Sátt getur ekki alltaf verið skilyrði fyrir stjórnarskrárbreytingum. Þannig sætum við sjálfsagt ennþá uppi með óbreytt og síósanngjarnari kosningarlög hefðu núverandi frumvarp verið í stjórnarskránni 1959. En þá börðust tæp 37% þingmanna með rúm 27% atkvæða á bak við sig, þ.e. framsóknarmenn, á hæl og hnakka til að koma í veg fyrir endurskoðun á kosningalögum sem kom á jafnri dreifingu þingmanna á milli flokka m.v. kjölfylgi á landinu öllu. Öllum öðrum en framsóknarmönnum má vera ljóst að slíkt hefði verið óhæfa. Meirihluti þjóðarinnar verður að hafa einhver úrræði til þess að setja sér þá stjórnarskrá sem hún vill.

B) Kosningar ekki lengur leynilegar

Með því að gera þá kröfu að helmingur allra kosningarbærra manna, ekki aðeins mæti á kjörstað heldur greiði tillögunni einnig atkvæði sitt, hafa nei-atkvæði ekki lengur neinn tilgang og þá hættir kosningin er að vera leynileg. Dæmi: *Séra Jón er á móti stjórnarskrárbreytingu. Hann lætur þau boð út ganga að sérhvert sóknarbarn sem mætir á kjörstað verð sett út af sakramentinu. Síðan fer hann á kjörstað og merkir við öll sóknarbörn sem mæta. Jón mætir á kjörstað, en næst þegar hann gengur til altaris neitar séra Jón honum um oblátuna því hann hafi mætt á kjörstað. Jón segist hafa kosið gegn frumvarpinu, en séra Jón trúir honum ekki, enda átti Jón í raun ekkert erindi á kjörstað hafi hann verið á móti. Jón lærir sína lexíu, enda þykir honum ekki bara messuvínið gott heldur langar hann einnig til himna og veit að næst gerir hann eins og séra Jón segir honum.*

Því er nauðsynlegt skilyrði fyrir því að kosningar geti talist leynilegar að nauðsynlegur fjöldi já-atkvæða sé ekki meiri en svo að það sé ávallt skynsamlegasta aðferð nei-manna að mæta á kjörstað og greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

C) Krafa um of mikla kjörsókn

50% skilyrðið er einfaldlega allt of hátt. Í Danmörku er hlutfallið 40% þurfa að mæta og helmingur þeirra að segja já (sem er ígildi a.m.k. 20% þjóðarinnar mæti og segi já (ef nægi-

lega margir koma til að segja nei, annars þarf fleiri já atkvæði, sem er í raun kjánalegt að eftir því sem mál er óumdeildara þurfa fleiri já menn að mæta) og upp í 40% ef enginn hefur neitt við frumvarpið að athuga og hafa Danir þó ítrekað lent í vandræðum við breytingar á sinni stjórnarskrá þess vegna. Frægt er þegar stjórnarskránni var breytt 1953, en þá tókst að vekja nægilegan áhuga Dana til þess að mæta á kjörstað með því að stóra málið var að gera elstu dóttur að ríkisarfa ef enginn sonur væri til staðar. Dönum þótti það tilvinnandi að losna við Knút arfaprins (en áður höfðu Íslendingar afþakkað pent, að gera hann að sínum kóngi), en eitthvað fór misjafnt orð af gáfum hans, fyrir hina fögru og líflegu prinsessu, Margéti Þórhildi. Var tækifærið notað til að koma í gegn ýmsum öðrum, og e.t.v. mikilvægari, en þó ekki eins kjörstaðahvetjandi málum og erfðalögin.

Þó svo að Íslendingar hafi borið gæfu til að hafa góða kjörsókn í þing- og sveitarstjórnarkosningum, þá er slíkt ekki sjálfsagt í einsmáls atkvæðagreiðslum. Þá verður ekki framhjá því horft að þeir sem kjósa að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslum taka í raun meðvitaða ákvörðun um að fela öðrum ákvörðunarvaldið. Þeir eru ekki sjálfkrafa að leggjast gegn frumvarpi eða að reyna að leggja stein í götu þess. Þá er nokkur hroki fólgin í því að gera þá kröfu að helmingur allra kosningabærra manna þurfi að segja já á meðan engar slíkar kröfur eru gerðar til umboðs þingheims.

Auðvelt er að skilja að óumdeild máls, svo sem um að bæta við ákvæði eins og „aldurs“ í upptalningu um á grundvelli hvers megi ekki mismuna fólki, skipti fæsta eins miklu máli og hver fari með völdin í landi eða héraði.

Tillaga: Í annarri setningu 1. mgr. 1. gr. komi 32 í stað 40. Síðasta setning 1. mgr. 1. gr. verði: *Reynist meirihluti gildra atkvæða fylgjandi breytingunni er hún gild stjórnskipunarlög en fellur að öðrum kosti niður.*

Tillaga til vara: Í annarri setningu 1. mgr. 1. gr. komi 32 í stað 40. Síðasta setning 1. mgr. 1. gr. verði: *Reynist 3/5 gildra atkvæða fylgjandi breytingunni er hún gild stjórnskipunarlög en fellur að öðrum kosti niður.*

Tillaga til vara: Í annarri setningu 1. mgr. 1. gr. komi 32 í stað 40. Síðasta setning 1. mgr. 1. gr. verði: *Reynist meirihluti gildra atkvæða fylgjandi breytingunni og njóti hún stuðnings minnst 1/5 allra kosningabærra manna er hún gild stjórnskipunarlög en fellur að öðrum kosti niður.*

Tillaga til prautavara: Aftan af 2. setningu 1. mgr. 1. gr. falli á brott í leynilegri kosningu.

Reykjavík, 24. október 2012



Haukur Eggertsson

Barmahlíð 54

Reykjavík